

---

**FUNDARGERÐ**

<b>Fundur:</b>	<b>Raforkuhópur 2013-02</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Fimmtudagur 14. mars 2013 kl. 10:30</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Orkustofnun, Grensásvegi 9</b>
<b>Fundarefni:</b>	<b>1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Raforkunotkun ársins 2012 og fréttatilkynning. 3) Notkunarflokkar raforku 2012. 4) Aflþörf raforkukerfisins 2012. 5) Önnur mál.</b>

---

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Erla Björk Þorgeirsdóttir Rúnar Svavar Svavarsson Sigurður Ágústsson Pétur E. Þórðarson Ásgeir Sigtryggsson Sverrir Jan Norðfjörð
EFLA:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Orkustofnun:	Pétur Sólmes Jónsson
Fjarverandi:	Baldur Dýrfjörð

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) JV sýndi nýja útgáfu af fréttatilkynningu og sagðist ekki hafa fengið neinar athugasemdir við hana eftir síðasta fund. JV var falið að ganga frá fréttatilkynningunni. Hann sýndi einnig aukningu raforkunotkunar eftir landshlutum og benti á síðasta ári hefði aðallega verið aukning á Austurlandi og Suðurlandi. Minnkun var á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi. Einnig sýndi hann notkun eftir dreifiveitusvæðum og kemur fram minnkun á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur.
- 3) IB sagði að notkunarflokkar væru komnir frá öllum veitunum og væri hann að vinna úr þeim.
- 4) IB fór yfir stöðuna á aflagögnum og sagði að toppur vinnslu hefði komið 17. desember milli kl 10 og 11 og verið 2.224 MW. Altoppur almennrar notkunar var 10.01.2012 milli kl 17

og 18 og var 566 MW. Hann sýndi einnig nokkrar myndir með aflagögnum síðasta árs. Töluverðar breytingar voru á síðasta ári varðandi aflraðir og sagðist hann hafa talið 40 slík atriði.

- 5) Rætt var um skilgreiningu á ótryggðri orku í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á sölu á slíkri orku. JV lagði til að miðað yrði við þá aðila sem væru með skerðanlegan flutning eða dreifingu. PEÞ sagði að þeir sem væru undir 1 MW væru einungis með slíka samninga í dreifingu og lagði til að þeim væri sleppt. Samþykkt var að miða við þá sem væru með skerðanlegan flutning frá og gildir sú breyting frá og með 2012. EBÞ lagði til að sambærilegar tölur yrðu teknar saman aftur í tímann.

Rætt var um skilgreiningar á notkunarflokkum og hvort þörf væri á breytingum. Óæskilegt er að gera breytingar nema það sé mikil þörf á slíku þar sem það getur kallað á verulega vinnu hjá dreifiveitunum.

EBÞ sagði að ósk hefði komið um að birta gögn einnig á því formi sem var fyrir 2010 og var samþykkt að gera það.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 11. apríl 2013.

---

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Drög að fréttatilkynningu: „Raforkunotkun ársins 2012“.
- Nokkrar myndir um aflþörf 2012.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
JV/EBÞ	Ganga frá uppkasti að fréttatilkynningu